

Geymsla skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar, Reykjanesbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 13. janúar 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Framkvæmdasýslunni - Ríkiseignum um geymslu skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar, Reykjanesbæ, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, sbr. lið 3.13 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Landhelgisgæslu Íslands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar, Samgöngustofu og Vegagerðarinnar

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Geymsla skipagasolíu við Helguvík og stækkun Helguvíkurhafnar. Fyrirspurn um matsskyldu. Janúar 2025

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjanesbæ dags. 11. febrúar 2025
- Suðurnesjabæ dags. 23. janúar 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja dags. 11. febrúar 2025
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 12. febrúar 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 12. febrúar 2025
- Vegagerðinni dags. 12. febrúar 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 4. mars 2025

Ekki bárust svör frá Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 28. apríl 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í gerð viðlegukants við Suðurbakka Helguvíkurhafnar og uppbyggingu olíubirgðastöðvar fyrir skipagasolíu sunnan hafnarinnar. Reiknað er með tveimur 15.000 m³ olíugeymum, alls 30.000 m³, fyrir skipaeldsneyti við Helguvík. Sjálf olíubirgðastöðin tekur til um 11.300 m² svæðis þar sem olíugeymarnir verða staðsettir í steyptri þró á samt um 180 m² aðstöðuhúsi fyrir dælukerfi og stjórnbúnað. Auk þess er svæði undir lagnir og aðstöðu til móttöku og afhendingu olíu hjá viðlegukanti hafnarinnar. Stækkun hafnarinnar felst í gerð viðlegukants, brimvarnar, landfyllingar, efnistöku og tilfærslu efnis úr bergstálinu suðvestan Helguvíkurhafnar. Gróft áætlað tekur framkvæmdasvæði vegna olíubirgðastöðvar og hafnargerðar til um 82.000 m² lands. Nýr viðlegukantur við Suðurbakka verður um 290 m að lengd, að mestu stálþilsbryggja en austasti hluti hennar verður staurbryggja og reiknað með því að viðlegudýpi verði að jafnaði 14 m. Áætlað er að framkvæmdartími verði 2-2 ½ ár. Vegna stækkunar hafnarinnar er áætluð efnisþörf



um 100.000 – 150.000 m³ fyrir uppbyggingu hafnarinnar og að efnið verði að mestu unnið á staðnum, þ.e. efni sem sprengt verði úr berginu suðvestan Helguvíkurhafnar.

Í umsögn sinni bendir Umhverfis- og orkustofnun á að ef fyrirhuguð sé opin landfylling sé um að ræða varp í hafið samkvæmt 9 gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda. Stofnunin bendir á að varp efna og hluta í hafið sé óheimil en að Umhverfis- og orkustofnun geti, að fenginni umsögn frá Hafrannsóknastofnun, veitt leyfi ef sýnt sé fram á að efnið sem varpa eigi í hafið falli undir b-lið 9. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við *Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis*¹ áður en til framkvæmda komi. Einnig telur stofnunin að óljóst sé hvort þörf sé á dýpkun hafnarinnar í þessum hluta framkvæmdarinnar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að sumt efni í höfnum (oft dýpkunarefni) sem tekið sé upp eða hreyft til geti verið mengað af þungmálum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum sem geti haft neikvæð áhrif á m.a. lífríki. Stofnunin bendir á að ef fyrirhuguð sé rask á hafsbotni sé mikilvægt að tekið sé setsýni úr botninum til að meta mengandi efni áður en framkvæmdir hefjist og ákveðið verði hvernig menguðu seti sem grafið er upp verði ráðstafað. Jafnframt bendir stofnunin á að endurbættar leiðbeiningar um olíuskiljur² hafi verið gefnar út í desember 2024 og leggur áherslu á mikilvægi þess að við hönnun, byggingu og rekstur olíubirgðastöðvarinnar séu ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 uppfyllt og að farið verði eftir leiðbeiningum stofnunarinnar við val og rekstur olíuskilja til þess að lágmarka umhverfisáhrifin af framkvæmdinni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir landfyllingu innan við stálþil og því sé ekki gert ráð fyrir að um sé að ræða opna landfyllingu í skilningi laga um varnir gegn mengun hafs og stranda. Ekki sé gert ráð fyrir að efni verði varpað í hafið vegna landfyllingar. Við hönnun viðlegukants verði jafnframt tekið mið af því að ekki komi til varps á efnum í hafið vegna framkvæmdarinnar. Dýpkun hafnarinnar sé að mestu lokið og ekki sé gert ráð fyrir umfangsmiklu efnisnámi vegna þess, en komi til dýpkunar í höfninni verði það efni nýtt á landi. Nýjar leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um olíuskiljur verða nýttar við verkhönnun framkvæmdarinnar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að upplýsingar vanti um fráveitu frá svæðinu. Embættið bendir á að fráveita frá svæðinu uppfylli ekki kröfur um hreinsun samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp. Að öðru leyti gerir embættið ekki athugasemd við tilkynninguna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að veitur á framkvæmdasvæðinu, þar með talin fráveita, verði tengd við veitukerfi Reykjanesbæjar við Helguvík. Reiknað sé með að fráveita frá starfsmannaaðstöðu og olíubirgðastöð verði tengd við fráveitukerfi sveitarfélagsins og það verði samkvæmt þeim kröfum sem um það gildi. Framkvæmdaraðili bendir á að fráveitumál á svæðinu séu alfarið á ábyrgð sveitarfélagsins og ítrekar að skólpútrásir sé ekki hluti af framkvæmdinni en tekur hins vegar undir mikilvægi þess að fráveitumálum á svæðinu verði komið í gott horf til framtíðar.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að niðurstöður útreikninga, sem framkvæmdar hafa verið með hafnareiknilíkani til að kanna hugsanleg áhrif nýja viðlegukantsins á aðra hluta hafnarinnar, sýni að áhrifin verði ásættanleg og gerir Vegagerðin engar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.


¹ [Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis](#)

² [Leiðbeiningar um olíuskiljur](#)

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Fjársýslunnar - Ríkiseigna og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á landslag og ásjón



Mynd 1: Tölvugerð yfirlitsmynd JeES arkitekta af Helguvík (mynd fengin úr greinargerð framkvæmdaraðila).

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið umhverfis fyrirhugaða olíubirgðastöð sé að verulegu leyti þegar raskað vegna framkvæmda og efnistöku við Helguvíkurhöfn. Búast megi við breytingum á ásjón svæðisins á framkvæmdatíma vegna efnislosunar og efnisvinnslu, gerð stálþils og byggingu olíugeyma. Stærsta ásjónarbreytingin verði vegna olíugeymanna en þeir munu verða fyrirferðarmiklir í umhverfinu séð frá norðri við Norðurbakka og austri frá Austurbakka. Geymarnir séu á lóð sem unnin sé inn í bergstálið og muni þeir því ekki sjást frá suðri og vestri, þ.e. frá íbúðarbyggð og atvinnusvæðum sunnan og vestan Helguvíkur. Að jafnaði sé lítil umferð um hafnarsvæðið, ef frá er talin umferð sem tengist athafnastarfsemi við höfnina, og engar gönguleiðir liggja þar nærri. Fram kemur að hugað verði að vali á lit olíutankanna þannig að þeir falli að nærliggjandi umhverfi. Framkvæmdaraðili telur að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að hafa nokkuð neikvæð staðbundin áhrif á ásjón lands við Helguvík en áhrif á ásjón lands utan hafnarsvæðisins verði óveruleg.

Áhrif á lífríki

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistaka og framkvæmdir við lóð fyrir olíubirgðastöð muni hafa í för með sér rask á gróðri en að raskið verði einkum á gróðri sunnan Helguvíkur, þ.e. ofan núverandi námu en þar sé aðallega Alaskalúpína og svo Eyðimelavist og Lyngmóavist á afmörkuðum svæðum. Alaskalúpína og Eyðimelavist hafa lágt verndargildi en Lyngmóavist hafi hátt verndargildi. Gert sé ráð fyrir að rask á vistgerðum verði innan við tveir ha svæðis af grónu landi. Framkvæmdasvæðið sé á mörkum svæðis sem sé skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði vegna sílamávavarps. Áhrif framkvæmdanna á fugla verði annars vegar vegna búsvæðataps og hins vegar vegna búsvæðaröskunar vegna áhrifa af hljóðmengun frá sprengingum og öðrum framkvæmdarþáttum. Fram kemur að nú þegar sé til staðar nokkur hljóðmengun vegna



umferðar, umskipunar og annarrar hafnarstarfsemi. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni koma til með að hafa óveruleg til nokkuð neikvæð áhrif á lífríki og að áhrifa muni helst gæta á framkvæmdartíma en einhverra áhrifa muni gæta á rekstartíma.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að framkvæmdasvæðið sé þegar mikið raskað og að það sé utan náttúruverndarsvæða en það sé í jaðri alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis, Rosmhvalaness, þar sem langstærsta sílamávavarps landsins sé. Ekki séu nein óröskuð fjörusvæði á framkvæmdasvæðinu og að alaskalúpína sé ráðandi á landi. Helsta umhverfisáhættan felist í þeim olúbirgðum sem verði á svæðinu ef óhapp verði og olía berist í sjó. Framkvæmdaraðili hyggst taka á þessu með mótvægisáðgerðum, þar sem hægt verði að loka höfninni með olúgirðingu og búnaður verði til staðar til að taka upp olíu úr höfninni. Náttúrufræðistofnun telur framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á vatnafar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé innan grunnvatnshlotsins Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G) og liggi að standvatnshlotinu Hafnir að Gróttu (104-1382-C). Fram kemur að á framkvæmdatíma sé möguleg olíumengun frá vinnuvélum við efnisvinnslu og efnisflutninga, en að verklag við þá vinnu ætti að lágmarka líkur á slíkri mengun. Einnig kemur fram að uppbygging og rekstur olúbirgðastöðvarinnar sé háð ákvæðum reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og fylgi því strangar kröfur sem farið verði eftir. Á rekstartíma sé helsta hættan af olíumengun ef lagnir eða slöngur gefi sig þegar verið sé að dæla úr flutningsskipi eða við afgreiðslu frá olúbirgðastöðinni en lekabyttur og olíuskiljur ættu í flestum tilfellum að taka við olíunni ef slíkt óhapp myndi eiga sér stað. Framkvæmdaraðil telur að áhrif framkvæmdanna á vatnafar verði óveruleg.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að umhverfismarkmið fyrir þessi vatnshlot hafi verið skilgreind. Umhverfismarkmið fyrir grunnvatnshlotið séu þau að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið fyrir strandsjávarvatnshlotið sé að hafa gott vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand. Stofnunin leggur áherslu á að þegar framkvæmdir sem geti haft áhrif á vatn séu fyrirhugaðar þá þurfi að framkvæma mat á áhrifum þeirra á vatnshlotin. Þeir gæðapættir sem notaðir séu til að meta ástand grunnvatnshlota séu breytingar á hæð grunnvatnsyfirborðs (magnstaða grunnvatns), leiðni og styrkur mengunarvalda. Gæðapættir til mats á ástandi yfirborðsvatnshlota, þ.m.t. strandsjávarvatnshlota séu eftir því sem við á líffræðilegir (þ.e. hryggleysingar, svifþörungur, vatnaþlöntur), eðlisefnafræðilegir (næringarefni, fosfór, níturat og kísill) og vatnsformfræðilegir eins og fram komi í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Landfylling sé einn af þeim þáttum sem geti haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti í strandsjávarvatnshlotum. Ekki hafi verið ákveðið hvaða matspætti eigi að nota til að meta vatnsformfræðilegt ástand strandsjávarhlota á Íslandi. Því skuli notast við þá almennu matspætti sem reglugerð um flokkun vatnshlota setji fram þegar áhrif framkvæmda á vatnsformfræðilegt ástand strandsjávar er metið. Í reglugerðinni séu tveir gæðapættir settir fram, þ.e. sjávarföll og formfræðileg skilyrði. Vatnsformfræðilegir álagspættir geti verið margs konar. Dæmi um matspætti fyrir strandsjávarvatnshlot væru stefna ríkjandi strauma, ölduhrif, breytileiki í dýpt, kornastærð, botnagerð og gerð svæðis milli há- og lágflæðimarka sem landfylling og aðrar framkvæmdir geti haft áhrif á. Að mati stofnunarinnar þurfi að framkvæma ítarlegra áhrifamat áður en framkvæmdir hefjast til að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotin sem um ræði og bendir á nýútgefnar leiðbeiningar stofnunarinnar um gerð áhrifamats³.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að eins og fram hafi komið í tilkynningu að áhrif á vatnshlot vegna framkvæmdarinnar séu talin ólíkleg. Framkvæmdaraðili muni engu að síður framkvæma

³ [Leiðbeiningar um áhrifamat fyrir vatnshlot. Útg.1 Desember 2024.pdf](#)



umrætt áhrifamat vegna framkvæmdarinnar og starfsemi henni tengdri á vatnshlot ef leyfisveitendur geri kröfur um slíkt.

Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin feli í sér efnistöku úr bergstálinu suðvestan Helguvíkurbakka, þ.e. úr gamalli efnisnámu við Helguvík. Jarðmyndunum innan námusvæðisins hafi þegar verið raskað með umfangsmikilli efnistöku í yfir 4 áratugi og rask á Helguvíkursvæðinu taki til bergstálsins við höfnina og hafsbotnsins í Helguvík. Við uppbyggingu olíubirgðastöðvarinnar og gerð viðlegukantsins verði efni sprengt og fleygað út úr stálinu við Helguvík. Efnið verði svo unnið á staðnum og nýtt sem fylling við viðlegukant á Suðurbakka og jöfnun á athafnasvæði sunnan við höfnina. Efnistaka vegna framkvæmdarinnar sé bundin við þessa námu suðvestan hafnarinnar og því séu áhrif á jarðmyndanir bundnar við Helguvíkursvæðið, þar sem landi hafi þegar verið raskað. Fram kemur að jarðmyndunum verði raskað á um 2 ha svæði, sem teljist tiltölulega lítið svæði samanborið við umfang efnistöku sem þegar hafi farið fram í Helguvíkurnámunni. Framkvæmdaraðili telur því áhrifin vera lítil en þau séu hins vegar óafturkræf og vari til framtíðar. Dýpkun hafnarinnar sé að mestu lokið og því ekki gert ráð fyrir umfangsmiklu raski á jarðgrunni og berggrunni á hafsbotni. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdirnar komi til með að hafa óveruleg til nokkuð neikvæð áhrif á jarðmyndanir.

Áhrif á heilsu og öryggi

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnisvinnsla og sprengingar úr bergstálinu kunni að varða almannahættu og öryggi fólks en að ákveðnu verklagi verði fylgt og sú hættu því talin óveruleg. Engin starfsemi sé í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið. Fram kemur að mikill hávaði myndist þegar stálþil verði rekið niður í höfnina en að hávaðamengunin muni hafa áhrif á fáa vegna fjarlægðar að nærliggjandi vinnustöðum og byggð. Fram kemur að mögulegt sé að það verði lyktarmengun frá olíubirgðastöðinni vegna uppgufunar eldsneytis og annarra efna sem tengist starfseminni en framkvæmdaraðili telur ólíklegt að það komi til mikillar lyktarmengunar þar sem geymslan sé lokuð og ákveðnu verklagi verði fylgt. Helsta hættan tengist mögulegum óhöppum við losun skipaeldsneytis úr flutningaskipi eða við afgreiðslu frá olíubirgðastöðinni á skip eða olíuflutningabíla. Þá sé helsta hættan að slöngur, barkar eða tengingar gefi sig, en lekabyttur og olíuskiljur ættu í flestum tilfellum að taka við olíunni. Einnig fylgi ákveðin brunahætta geymslu og umsýslu með eldsneyti en skylt sé að hafa viðbragðsáætlun fyrir olíubirgðastöðina og höfnina sem taki á ofangreindum þáttum. Framkvæmdaraðili metur áhrif framkvæmdanna óveruleg á heilsu og öryggi fólks á framkvæmda- og rekstartíma og að viðbragðsáætlunum sé ætlað að lágmarka hættu af starfseminni og samhæfa aðgerðir ef eitthvað beri út af.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands séu ekki skráðar fornleifar á framkvæmdasvæðinu. Fornleifakönnun hafi verið framkvæmd árið 2006 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík og samkvæmt henni hafi ekki verið skráðar eiginlegar fornleifar á hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði við olíubirgðastöð fyrir skipagasolíu og stækkun Helguvíkurbakka. Skráð sé ein þjóðsaga eða munnmæli sem tengist Helguvík. Fram kemur að fornleifaskráning hafi einnig verið framkvæmd fyrir Reykjanesbæ árið 2008 með yfirliti yfir helstu minjastaði í sveitarfélaginu og sé ekki getið um fornleifar við Helguvík þar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að engar þekktar fornleifar séu á svæðinu fyrir utan eina þjóðsögu og að fyrirliggjandi fornleifaskráning sé fullnægjandi fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á minjar og að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.



5 Skipulag og leyfi

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki í samræmi við Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 en í gangi er breyting á aðal- og deiliskipulagi Helguvíkur. Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður skilgreint varnar- og öryggissvæðis fyrir nýja olíubirgðastöð NATO.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Reykjanesbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig er hún háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlits.

Í umsögn sinni bendir Umhverfis- og orkustofnun á að starfsemi olíubirgðastöðva falli undir lög um bráðamengun hafs- og stranda og að framkvæmdin sé tilkynningarskyld til Vinnueftirlitsins samkvæmt reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og að leita þurfi samþykkis Umhverfis- og orkustofnunar fyrir birgðageymslunum samkvæmt byggingareglugerð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni leita samþykkis Umhverfis- og orkustofnunar vegna olíubirgðastöðvarinnar samkvæmt byggingareglugerð.

6 Niðurstaða

Um er að ræða gerð viðlegukants við Suðurbakka Helguvíkurhafnar og uppbyggingu olíubirgðastöðvar fyrir skipagasolíu sunnan hafnarinnar, Reykjanesbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 3.13 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar, mengun, ónæði, hættu á stórslysum og/eða náttúruhamförum sem varða framkvæmdina og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða framkvæmdir á svæði sem nú þegar er raskað og mótað af hafnarstarfsemi. Ekki er um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða og svæðið nýtur ekki verndar. Helstu áhrif framkvæmdanna felast í breyttri ásýnd svæðisins þar sem olúgeymarnir verða fyrirferðarmiklir í umhverfinu en þeir munu þó ekki sjást frá suðri og vestri, þ.e. frá íbúðarbyggð. Helsta umhverfisáhrifin er ef óhapp verður og olía berst í sjó en framkvæmdaraðili tilgreinir mótvægisáðgerðir sem taka á því. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfis- og orkustofnun um að unnið verði áhrifamat fyrir vatnshlotin og tryggt að vatnshlotin nái umhverfismarkmiðum sínum á grundvelli ákvæða vatnalaga og í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, skv. lögum um stjórn vatnamála. Einhver hljóð- og lyktarmengun fylgir fyrirhuguðum framkvæmdum en þar sem nokkur vegalengd er í byggð og fyrirhugað að fylgja ákveðnu verklagi til að lágmarka lyktarmengun eru áhrifin líkleg til að verða óveruleg. Að mati Skipulagsstofnunar kalla



þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 16. júní 2025.

Reykjavík, 14. maí 2025

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

